



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 18. febrúar 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir varaoddviti, Arnar Ólafur Viggósson, varamenn Jón Ólafur Sigurjónsson, Ástrós Elísdóttir og Ragnar Már Björnsson ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir höfðu lýst yfir vanhæfi til að fjalla um málefni fundarins.

Varaoddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Matvælaráðuneytið dags. 22. janúar 2025

**Efni:** Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024/2025

Fyrir liggur tilkynning matvælaráðuneytis um úthlutun 55 þorskígildistonna af byggðakvóta til sveitarfélagsins á fiskveiðiarinu 2024/2025. Úthlutunin olli verulegum vonbrigðum enda er skerðing á milli ára umtalsverð. Úthlutunin dregst saman um tæp 68% á milli ára og fer úr 170 tonnum í 55 tonn í þorskígildum talið. Er sveitarfélaginu gefinn frestur til 21. febrúar 2025 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur vegna úthlutunar kvótans. Beiðni um sérreglur til ráðuneytisins snúa að rækjubótum, hámarksúthlutun til hvers skips og undanþágu frá vinnsluskyldu. Eru þessar sérreglur efnislega óbreyttar frá fyrri reglum sem hafa hlotið samþykki ráðuneytisins undanfarin ár en taka þó mið af þeirri skerðingu sem orðið hefur á úthlutun til sveitarfélagsins frá síðasta ári.

*Eftirfarandi tillaga lá fyrir fundinum:*

#### **Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.):**

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 4,4 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutaðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttis byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarí. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.



Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2024 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttts byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 12 þorskígildislestir. Hámarkið gildir um almenna flokkinn en úthlutun til þeirra báta sem eiga hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum komi til viðbótar. Við úthlutun skal fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.

### **Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)**

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Ákvæði 1. Málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

Tillögur að sérreglum voru bornar upp til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að senda tillögu sveitarfélagsins að sérreglum til ráðuneytisins fyrir 21. febrúar 2025.

### **Þá var lögð fram eftirfarandi bókun:**

Eitt af yfirlýstum markmiðum byggðakvóta í fiskveiðistjórnunarkerfi landsins er að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Almennur byggðakvóti byggir á gömlu stöðnuðu kerfi sem hefur ekki þróast í takt við samfélagsbreytingar. Það leiðir til þess að úthlutun á byggðakvóta hefur oft takmörkuð áhrif og er illa til þess fallin að þjóna tilgangi sínum í stað þess að vera sú mikilvæga stoð við þau byggðalög sem orðið hafa fyrir áföllum vegna samdráttar í sjávarútvegi sem byggðakvótanum var ætlað í upphafi. Almennar úthlutunarreglur regluverksins taka ekki mið af raunstöðu þeirra byggðalaga og skipa sem njóta úthlutana og það leiðir í sumum tilfellum til þess að úthlutanir renna til aflamikilla skipa á tiltölulega sterkum atvinnusóknarsvæðum. Það takmarkar möguleika þessara verðmæta til að styðja við



minni byggðarlög þar sem samdráttur hefur verið í sjávarútvegi og úthlutanir hafa raunverulegt vægi en missa að hluta marks vegna þess hversu lítið er til skiptanna milli þeirra aðila sem um ræðir. Sveitarstjórn leggur áherslu á það við ráðherra að gerðar verði breytingar á þeim lögum og reglum sem gilda um almennan byggðakvóta þannig að tryggður verði raunverulegur byggðalegur árangur af úthlutun hans eins og kostur er. Mikilvægt er að fyrirsjáanleiki úthlutana verði aukinn til þess að forðast áföll sem miklar og sveiflukenndar skerðingar milli ára geta haft í för með sér. Sé horft til sértæka byggðakvótans þá er honum skipt á milli færri aðila og er úthlutað til sex ára í senn sem gerir fyrirsjáanleika mun meiri en gildir í almenna byggðakvótanum sem úthlutað er til eins árs í senn. Slíkur fyrirsjáanleiki eykur vægi úthlutana til byggðarlaga og er fremur til þess fallinn að treysta byggðafestu. Breytingar á kerfinu eru aðkallandi svo að það geti náð þeim markmiðum sem stefnt var að með setningu þeirra lagaákvæða sem úthlutun byggðakvóta byggir á.

## 2. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:20